

SKIPULAGSSKRÁ

Styrktar- og minningarsjóðs Þorbjargar Björnsdóttur.

1. gr.

Styrktar- og minningarsjóður Þorbjargar Björnsdóttur er eign Gigtarfélags Íslands, settur á fót að frumkvæði fjögurra kvenna (L.K. klúbbsins). Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja gigtsjúka, einkum unga gigtsjúklinga.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf L.K. klúbbsins til Gigtarfélags Íslands að fjárhæð kr. 500 000,00 til minningar um látinn félagi klúbbsins, Þorbjörgu Björnsdóttur, sem bjó að Hvassaleiti 38 í Reykjavík, en Þorbjörg starfaði að líknar- og mannúðarmálum í fjölmörg ár.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má aldrei skerða, en vöxtum, gjöfum, áheitum og öðrum tekjum, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 2. gr. hér að ofan.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og þrír til vara, svo sem hér segir: Formaður stjórnar sjóðsins og varamaður hans skulu tilnefndir af stjórn Gigtarfélags Íslands að fenginni umsögn L.K. klúbbsins til fimm ára í senn. Í aðalstjórn sitja einnig formenn Gigtarfélags Íslands og Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna á hverjum tíma og til vara varaformenn Gigtarfélags Íslands og Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna, sem taka sæti í stjórninni í forföllum formanna í félögum sínum.

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins. Stjórn Gigtarfélags Íslands ber ábyrgð á fjárvörslu.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa styrki úr sjóðnum, þegar hún telur að styrkur þaðan geti numið þeirri fjárhæð að líklegt sé að hann geti orðið væntanlegum styrkþega eða styrkþegum til nokkurs velfarnaðar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda og leggja þá fyrir aðalfund Gigtarfélags Íslands til afgreiðslu.

8. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður né skipulagsskrá hans breytt nema með samþykki aðalfundar Gigtarfélags Íslands og skulu tillögur þar að lútandi sæta sömu meðferð og tillögur til breytinga á lögum Gigtarfélags Íslands. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans ganga til Gigtarfélags Íslands.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð gigtsjúkra nr. 153 frá 1990 sem staðfest var af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 26. mars 1990.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. mars 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks um páskahelgi.

1. gr.

Frá kl. 20.00 laugardaginn 11. apríl 1992 til kl. 10.00 árdegis þriðjudaginn 21. apríl 1992, eru eftirgreindar veiðar óheimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands:

1. Allar veiðar með þorskfisknetum.
2. Allar veiðar fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu sem dregin er í tólf sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrang. Þaðan er línan dregin í punkt 63°08' N og 19°57' V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð suður frá Geirfugladrang. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt 64°43'7N og 24°12'V og þaðan í 64°43'7N og 24°26'V og síðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.
3. Allar veiðar á svæði fyrir Suðvesturlandi, sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesi (aukavita).

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. gr. eru hrognkelsaveiðar og skelveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.